

VIÐBÓTARDIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI

Hjúkrun langveikra

UMSÓKNARFRESTUR TIL OG MEÐ 15. APRÍL

Um námið

Nemendur öðlast aukna og sérhæfða þekkingu á heilsufarsástandi og úrræðum í hjúkrun langveikra einstaklinga og fjölskyldna þeirra sem taka mið af bráðu og langvinnu ástandi og fjölþættum vettvangi þar sem þessum skjólstæðingum er veitt þjónusta. Má þar nefna sjúklunga með hjarta-, lungna-, tauga-, nýrna-, smit-, stoðkerfis- og meltingarsjúkdóma, ásamt sykursýki og fjölskyldum þeirra.

Inntökuskilyrði

BS-próf í hjúkrunarfræði eða samsvarandi próf með að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn úr BS-prófi, góð íslensku- og enskukunnátta og íslenskt hjúkrunarleyfi.

Tilgangur

Að veita hjúkrunarfræðingum tækifæri til að dýpka þekkingu, skilning og færni í hjúkrun langveikra. Að námi loknu hafa þeir öðlast aukna þekkingu á einkennum og þörfum langveikra og geta veitt sérhæfðar hjúkrunarmeðferðir og metið árangur þeirra.

Að námi loknu

Nemendur geta fengið hluta af diplómanámi sínu metið inn í nám til meistaraþrófs við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands. Skilyrði er lágmarkseinkunn 6,0 í einstökum námskeiðum í diplómanámi og 6,5 í meðaleinkunn til að það sé metið inn í meistaranám.